

Fundur stjórnar ÆSKP 7. apríl 2021 á Zoom

Mætt: Berglind, Anna Lilja, Máni, Sóley Adda, Aldís Elva og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.09.

Vaktu með Kristi

VMK var planað og undirbúið en því miður féll það niður út af samkomutakmörkunum út af Covid. Við viljum reyna aftur á næsta ári.

Easter Course

Þrír þátttakendur voru frá ÆSKP, Anna Lílja, Sóley og Berglind, og einn skipuleggjandi, Heiðar Örn Hönnusson. Þátttakendur lærðu helling sem er nothæft fyrir æskulýðsvettvanginn, líkt og leikir á Zoom. Þau ætla að punkta niður hvað þau lærðu svo að hægt sé að nýta það.

Kirkjuþing unga fólksins

KUF verður 14-15. maí. Skipulagið er í gangi. Þegar næstu lög um samkomutakmarkanir koma fram þá vitum við hvort hægt verður að halda KUF í persónu. Hugmyndasöfnun fyrir mál á KUF er í gangi.

Landsmót

Það þarf að auglýsa þátttakendur fyrir Landsmótsnefnd. Auglýsing fer á heimasíðuna og Facebook. Stefnt er að fyrsta landsmótsnefndarfundum í maí.

Þjónustuaðilar á Sauðárkróki eru spenntir að fyrir að þjónusta mótið og Jónína ætlar að heyra í bæjarstjórn aftur.

Prestarnir á Akranesi eru spenntir fyrir að halda Landsmót 2022. Jónína er einnig búin að senda fyrirspurn á bæjarstjórnina þar en á eftir að fá svar.

Sumar

Stefnt er að því að hafa útilegu fyrstu helgina í júní.

ÆSKR stefnir að því að halda vormót fyrstu helgina í maí.

Gleðigangan

Hákon leiðir skipulagið á Gleðigöngunni fyrir okkur. Við þurfum að byrja að hugsa hvað við viljum gera. Best er að vera með pallbíl. Hugmynd að vinna með lifandi tónlist þar sem sunnudagaskólalögin eru sungin og einhver spilar á píanó.

Varðandi starfsmann Austurlandsprófastsdæmis

Ráðningarsamningur Bellu sem starfsmaður Austurlandsprófastsdæmis rennur út í júní og svo virðist sem það eigi ekki að framlengja samninginn heldur leggja stöðuna hennar niður og skipta verkunum á milli prestanna fyrir Austan. Prestarnir hafa gefið það út að þeir vilja ekki taka að sér sumarbúðirnar, sem eru einu sumarbúðir sem að kirkjan rekur. Rök kirkjunnar fyrir þessu er peningasparnaður.

Stjórn ÆSKP mun senda ályktun á kirkjuráð um mikilvægi þessarar stöðu fyrir barna- og æskulýðsstarf á Austurlandi. Þessi ákvörðun stingst á við niðurstöðu nýlegs stefnumótarfundar þjóðkirkjunnar þar sem æskulýðsmál voru mikilvægustu málin fyrir kirkjuna að tækla.

Æskulýðsfundir í tösku

Jónina er með hugmynd um að útbúa ferðatöskur sem myndu innihalda efni fyrir æskulýðsfundi, s.s. eina tösku fyrir spilafund, eina fyrir Minute-to-win-it, o.s.frv. Þetta gæti gagnast þeim sem eru að byggja upp starf í fyrsta sinn eða vantar efni fyrir æskulýðsfundi. Í töskunum væru fullbúnir æskulýðsfundir.

Hugmyndir fyrir töskur:

- Spilafundur.
- Minute-to-win-it.
- Boltaleikir.
- CTF.
- Ratleikur/Teningaratileikur.
- Skottleikur/Orrusta.
- Bingó.

Fundi slitið kl. 20.55.